

## Fundargerð

236. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 14. febrúar 2018 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir

### **Dagskrá:**

1. Drög að ársreikningi 2017
2. Innkomin erindi - samningaviðræður
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### **1. Drög að ársreikningi 2017**

Magnús Jónsson frá KPMG sat fundinn undir þessum lið.

Magnús fór yfir og skýrði drög að ársreikningi 2017, svöruðu hann og framkvæmdastjóri fyrirspurnum stjórnarmanna. Stjórnarmenn hvattir til að beina fyrirspurnum og senda til framkvæmdastjóra tímalega fyrir seinni umræðu sem er áætluð þann 21.02.2018.

Magnús yfirgaf fundinn kl 13:12.

### **2. Innkomin erindi - samningaviðræður**

- a) Bréf til Umhverfis- og framkvæmdanefndar dags 12.02.2018. Framkvæmdastjóri fór yfir bréfið og sagði frá fundi sem hann og formaður munu eiga með nefndinni síðar í dag.
- b) Útreikningur á tengigjöldum v Ylstrandar – lagt fram til kynningar.
- c) Hesthús og aðstöðuhús Fossgærði, tillaga að samkomulagi – stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningi.

### **3. Önnur mál**

- a) Nokkur málefni rædd án bókana.



Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:22.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson